

Fundur NOS

haldinn í fjarfundi 5. janúar 2021 kl. 9:30

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Kristófer Tómasson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Ingibjörg Harðardóttir, Elliði Vignisson og Eydís Indriðadóttir. Auk þess sat fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Dagskrá:

1. Vinnutími starfsfólks-stytting vinnuvikunnar
2. Önnur mál.

1. Vinnutími starfsfólks stytting vinnuvikunnar.

Skipaður vinnuhópur vann að hugmyndum að styttingu vinnuvikunnar og leggur til eftir samtöl við starfsmenn að farið verði í 36 tíma vinnuviku þar sem starfsmenn sleppa matar og kaffitímum auk samningsbundinnar styttingar.

Farið var yfir málið og Ragnheiður sagði frá útfærslu vinnuvikunnar.

Stjórn samþykkir að fara af stað með þá styttingu sem vinnuhópurinn lagði til og verð fyrirkomulagið endurskoðað eftir skólaárið í vor.

Stjórn felur Ragnheiði að taka upp tímaskráningarkerfi fyrir starfsstöðina til að halda utan um vinnutíma.

2. Önnur mál.

Einn starfsmaður er kominn í ótímabundið veikindaleyfi frá og með 4.janúar 2021.

Stjórn samþykkir fela Ragnheiði að ráða starfsmann í verktöku til að sinna verkefnum vegna ótímabundins leyfis starfsmanns.

Auglýst hefur verið eftir sálfræðingi. Umsóknarfrestur rennur útí dag. Engar umsóknir hafa enn borist. Verði það reyndin verður umsóknarfrestur framlengdur.

Endurskoða þarf fjárhagsáætlun með tilliti til breytinga í starfsmannahaldi þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25

Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari